

**Ed.**

**1363. Nefndarálit**

[491. mál]

um frv. til l. um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Frá 2. minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin tók þetta frv. fyrir á fundi sínum nú í morgun til efnislegrar umfjöllunar. Til viðræðna voru kallaðir fulltrúar Stéttarsambands bænda, Samtaka alifuglabænda, Neytendasamtakanna og Félags kartöflubænda. Enginn þessara aðila taldi hag sinn bættari með samþykkt þessa frv.

Vinnubrögð, sem viðhöfð hafa verið við meðferð eins veigamikils frv. sem þessa, verða að teljast forkastanleg, þar sem sama dag og frv. er rætt í nefndinni þurfti, vegna tímaskorts, að afgreiða málið til annarrar umræðu og atkvæðagreiðslu.

Undirrituð telur að frv. tryggji hvorki hag neytenda né bænda. Það eykur aðeins á miðstýringu á öllum sviðum landbúnaðarframleiðslu.

Undirrituð telur að hagsmunir bænda og neytenda fari saman. Þar af leiðandi þurfi þessir aðilar að vera með í ráðum þegar samið er frv. um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Þessu var ekki sinnt við samningu þessa frv. Starfshópur þingmanna á vegum stjórnarflokkanna hefur í tæp tvö ár hnoðað þessu frv. saman og stjórnarflokkarnir ákveðið að gera þetta frv. að lögum hvað sem liði þinglegri meðferð málsins.

Að framansögðu mun undirrituð greiða atkvæði gegn þessu frv.

Alþingi, 19. júní 1985.

Kolbrún Jónsdóttir.